

Ed.

430. L Ó G

um notkun bifreiða.

(Afgreidd frá Ed. 8. ágúst).

1. gr.

Bifreið nefnist í lögum þessum hver sá vagn, sem er knúinn áfram með afvjel í vagninum sjálfum, og ætlaður til að flytja fólk eða varning. Lögin ná ekki til vagna, sem renna á spori, eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

2. gr.

Stjórnarráðið getur, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi sýslunefndar eða bæjarstjórnar, takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum eða vegaköflum með öllu, eða um tiltekinn tíma, ef slík umferð álitst hættuleg eða til sjerlegra óþæginda fyrir aðra umferð.

3. gr.

Bifreiðar skulu svo gerðar, að þær geti farið eftir kröppum bugðum og auðvelt sje að snúa þeim. Sje bifreið þyngri en 350 kg., skal afvjelin geta knúið hana aptur á bak sem áfram. Ekki má nota breiðari bifreiðar en svo, að mesta breidd utanmáls sje 1,75 metrar; þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá þessu að því er sjerstaka vegarkafli snertir.

Á hverri bifreið skulu vera:

1. tvennir hemlar svo sterkir, að með hvorum þeirra megi stöðva vagninn innan tveggja vagnlengda, þó hann renni með fullum hraða (35 km.), og umbúnaður, sem varni því, að vagninn geti runnið forbrekkis, ef annarhvor hemillinn orkar ekki.
2. horn, til þess að gefa með hljóðmerki.
3. ennfremur þegar dimt er:
 - a. tvö tendruð ljósker, sitt á hvorri hlið bifreiðarinnar framantil, og í

sömu hæð, sem lýsa svo, að ökumaður sjái að minsta kosti 12 metra fram á veginn.

b. eitt ljós, sem ber skæra birtu á merki vagnsins.

Stjórnarráðið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um gerð bifreiða, þar á meðal sjerstaklega um þyngd þeirra.

4. gr.

Sjerhver bifreiðareigandi skal senda lögreglustjóranum í því umdæmi, sem hann er búsettur í, tilkynning um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Skal lögreglustjóri síðan láta fara fram skoðun á vagninum, og greiðir vagneigandinn kostnaðinn við skoðunina. Ef vagninn samkvæmt skoðuninni fullnægir ákvæðum þessara laga og þeirra reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, skal lögreglustjóri skrásetja vagninn og afhenda eiganda merki, sem setja skal aftan á vagninn, og ekki má taka af honum meðan hann er notaður. Verði eigandaskifti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra. Flytjist bifreiðareigandi búferlum úr einu lögsagnarumdæmi í annað með bifreið sína, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal lögreglustjóri lögsagnarumdæmis þess, er hann flytst í, ákveða merki það, er bifreið hans þá skal hafa og afhenda honum það.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem ástæða er til, látið fara fram nýja skoðun á bifreið á kostnað eiganda, og komi það þá í ljós, að hún fullnægi ekki lengur ákvæðum laga og reglugerða, getur hann bannað notkun bifreiðarinnar, og tekið merkið af henni.

5. gr.

Enginn má stýra bifreið, nema hann sje fullra 18 ára að aldri, og hafi ökuskirteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið.

Til þess að öðlast slíkt ökuskirteini, verður hlutaðeigandi að sýna vottorð frá lækni um að hann hafi fulla sjón, og vottorð tveggja valinkunnra manna um að hann sje áreiðanlegur og samviskusamur. Enn fremur verður hann að standast próf, samkvæmt ákvæðum, er stjórnarráðið setur með reglugerð; þó má í þeirri reglugerð ákveða að sá þurfi ekki að taka próf, sem hefir skirteini frá erlendum stjórnarvöldum.

Lögreglustjóri getur svift hvern þann ökuskirteini um tiltekinn tíma eða fyrir fult og alt, sem er dæmdur í refsingu fyrir brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim, sem settar verða samkvæmt þeim, og sömuleiðis hvern þann, sem álitíð er að hafi ekki lengur þá eiginleika, er útheintast til þess að fá ökuskirteini.

6. gr.

Ökuhraðann skal ávalt tempru svo, að komist verði hjá slysum og ekki sje trufluð umferðin.

Í kaupstöðum, kauptúnunum og ámóta þjettbýli má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 15 km. á klukkustund, nema stjórnarráðið hafi leyft meiri hraða eftir tillögum hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar. Utan þessara staða má hraðinn vera meiri, ef næg útsýn er yfir veginn og ökumaður samt sem áður

getur fullnægt öllum skyldum sínum, þó aldrei meiri en 35 km. á klukkustund. Í dimmu má hraðinn aldrei vera meiri en 15 km. á klukkustund.

Þar sem ökumaður sjer ekki langt fram á veginn, í kröppum bugum, við vegamót eða gatnamót, þar sem vegurinn er sleipur og þar sem mikil umferð er, má ekki aka hraðara en svo, að stöðva megi vagninn þegar í stað. Sje for á veginum, skal aka svo gætilega, að ekki slettist á aðra vegfarendur.

7. gr.

Ef bifreið mætir vegfarendum, skal hún halda sjer vinstra megin á veginum. Bifreiðin skal þegar nema staðar, ef sá sem hún mætir gefur merki, eða ökumaður sjer að hestur hræðist eða verður óróir, og skal hann gera það, sem í hans valdi stendur til þess að hestarnir komist fram hjá bifreiðinni án þess að fælast. Sömu varúðar skal bifreiðarstjóri gæta, er hann vill fara fram fyrir vegfarendur, sem eru á undan honum, en þá skal bifreiðin vera hægra megin á veginum. Hins vegar skulu vegfarendur jafnan vikja úr vegi fyrir bifreiðum sem öðrum vögnum, og aldrei tefja för þeirra að óþörfu.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á þeim stað, þar sem vegurinn er svo mjór, að hvorugir komist fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar, þar sem hinir komast fram hjá henni.

Ef ferðamenn með hlaðna vagna hafa neyðst til að vikja út af vegi fyrir bifreið, skal bifreiðarstjóri veita liðsinni sitt, ef þörf gerist, til að koma vögnunum aftur á veginn.

8. gr.

Ökumaður bifreiðar skal gefa merki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri. Hann skal þegar í stað hætta að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum á veginum.

9. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiðar, skal ökumaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi og hjálpa þeim, er slasast hefir, ef þörf gerist.

10. gr.

Óski útlendingur að nota um stuttan tíma bifreið, sem hann hefir með sjer frá útlöndum, getur lögreglustjóri í því lögsagnarumdæmi, þar sem hann fyrst vill nota vagninn, veitt honum tímabundið leyfi til þess að nota bifreiðina, þó ekki lengur en 3 mánuði, með skilyrðum þeim, er þurfa þykir til þess að ná tilgangi þessara laga. Leyfi þetta getur lögreglustjórinn í hverju því lögsagnarumdæmi, sem bifreiðin er notuð í, afturkallað ef honum þykir ástæða til.

11. gr.

Tvihjóla bifreiðar og þær þrihjóla, sem ætlaðar eru einum manni, þurfa ekki að hafa nema einn sterkan hemil og eitt skært ljós í dimmu (sbr. 3. gr.).

12. gr.

Brot gegn lögum þessum og gegn reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10 til 500 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum.

13. gr.

Hljótist slys eða tjón af notkun bifreiðar, annaðhvort beinlínis af akstri hennar, eða af því að hestur vegfaranda fælist, eða á annan svipaðan hátt, er sá, sem ber ábyrgð á bifreiðinni, skaðabótaskyldur, nema sá, sem fyrir slysinu eða tjóninu varð, eða einhver þriðji maður, hafi orðið valdur að slysinu eða tjóninu af ásettu ráði eða með vitaverðri óvarkárni, eða uppvist verður að slysið hlaut að vilja til, þrátt fyrir þá aðgæslu og varkárni, sem ökumanni er skylt að gæta.

Framanskráð regla gildir þó ekki um slys eða tjón á fólki eða varningi, sem bifreiðin flytur, nema ræða sje um bifreið, sem er til afnota fyrir almenning gegn borgun. Að öðru leyti fer um skaðabótaskyldu fyrir slík slys eða tjón eftir almennum reglum.

14. gr.

Eigandi bifreiðar ber ábyrgð á henni og er skaðabótaskyldur samkvæmt 13. gr. Noti maður bifreið annars manns í heimildarleysi færast skaðabótaskylda eigandans yfir á notandann.

15. gr.

Með framangreindum ákvæðum um skaðabótaskyldu er ekki skertur neinn sá rjettur til skaðabóta, sem leiðir af almennum reglum.